



Tækniupplýsingar

STONE & BRICK PROTECTOR

INNAN OG UTANHÚSS

VÖRULÝSING

Stone & Brick Protector er mjög virk yfirborðsvernd og vatnsfæla fyrir undirlag úr steinefnum. Hún gengur inn í gljúpa fleti og myndar verndarlag gegn vatni, raka, feiti, olíum, sýrum, basískum efnum og söltum. Hindrar vöxt myglu, sveppa og myndun saltútútfellinga á steinsteypum flötum. Frábær sjónsteypuvörn.

Polyvine Stone & Brick Protector er tær léttfljótandi vökvi sem er vatnsþynnt dreifa krossbundinna nanóagna, yfirborðsvirkra og flæðistillandi efna. Hann Lokar yfirborði til langs tíma gegn óhreinindum og vatni. Hentar til notkunar bæði utan- og innanhúss.. Eftir þornun er áferð almött og helst náttúrulegt útlit undirlagsins því óbreytt eftir sólarhrings þornun og hörðun. Efnið myndar ekki sýnilega filmu. Hvorki skal bera á málað yfirborð né skal mála yfir Polyvine Stone & Brick Protector.

Dæmigerð notkunarvið: Steinsteypa, sjónsteypa, steinar, múr, múrsteinn, flögusteinn, útiarnar og múrsteinsveggir.

UNDIRBÚNINGUR UNDIRLAGS

Undirlag ætti að vera hreint, og laust við öll aðskotaefni svo sem olú, feiti og óhreinindi. Polyvine Stone & Brick Protector berist á gleyp yfirborð.

NOTKUN

Polyvine Stone & Brick Protector er er borið á beint úr umbúðum án þynningar með pensli, rúllu eða því sprautað. Gangið úr skugga um að vökvinn sé vel hrærður en hristið ekki brúsann. Ein umferð nægir að jafnaði. Gerið prófun á litlum bletti áður en hafist er handa.

Athugið: Varan getur hvarfast við gler, gljábrennda fleti, blý og ál. Hyljið yfirborð úr þessum efnum áður en vinna. Ef efnið fer samt á þessa fleti skal skola strax af þeim með vatni.

HREINSUN ÁHALDA

Áhöld má hreinsa með sápu og vatni fyrir þornun. Þurrkið slettur af flötum með rökum klút. Þorni vökvinn, næst hann ekki nema með málningarleysi.

EIGINLEIKAR

Þekja: Um 15-20 m²/lítra, fer eftir gleypni yfirborðs
Þurrktími: 15 mín - 1 klst, fer eftir hitastigi
Notið ekki við hitastig undir 5°C eða við mjög hátt rakastig



UMBÚÐASTÆRÐIR

1 L

GEYMSLA

Geymið í óopnuðum umbúðum á köldum, þurrum stað. Hlífið gegn beinu sólarljósi.

HEILSA, ÖRYGGI, UMHVERFI

Varan er talin hættulaus. Tryggið góða loftræstingu. Geymið þar sem börn ná ekki til. Berist lakkið í augu skal skola þau umsvifalaust með volgu vatni. Þurrkið umframmagn af búnaði fyrir þvott í volgu sápuvatni. Tæmið ekki úr umbúðum í niðurföll eða ár/vötn/sjó.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun, hvort varan hentar þeirra þörfum.

Útgáfa: Janúar 2019



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is